

**Nefndasvið Alþingis**  
**Umhverfis- og samgöngunefnd**  
**Alþingi við Austurvöll**  
**150 Reykjavík**

Selfossi 14. apríl 2023

**Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Land og skóg, 858. mál**

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til Jóns Gunnars Ottóssonar varaformanns náttúruverndarfélagssins VÍN ([www.natturuvinir.is](http://www.natturuvinir.is)) þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um Land og skóg, 858. mál.

Drög að framangreindu frumvarpi voru áður til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda og veitti VÍN umsögn um drögin, sjá meðfylgjandi bréf dags. 31. janúar 2023.

VÍN fagnar framkomnu frumvarpi um sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar og mælir eindregið með samþykkt þess. VÍN vill þó koma eftirfarandi ábendingum á framfæri, sem miða að því að styrkja frumvarpið.

*Almennt*

Mikilvægt er að tryggja í lögum um hina nýju stofnun að hún verði ekki „allt í kringum borðið“, komi ekki að málum þar sem hún hafi eigin hagsmuna að gæta. Verði ekki framkvæmdaraðili, ráðgjafi og eftirlitsaðili með eigin verkefnum eða verkefnum annarra sem stofnunin hefur skipulagt og leiðbeint um framkvæmd.

*Um 2. gr.*

Framangreint frumvarp sem nú er til umfjöllunar á Alþingi hefur tekið nokkrum breytingum frá fyrri drögum. Í umsögn sinni við 1. gr. (nú 2. gr. frumvarpsins) frumvarpsins í samráðsgátt stjórnarráðsins gerði VÍN athugasemd við að markmið nýrrar stofnunar væri dregið saman; dregið úr starfssviði og skyldum stofnunarinnar og ákvæðin einfölduð verulega. Athugasemdin þá snerist fyrst og fremst um að hvergi kæmi fram í 2. mgr. 1. greinar frumvarpsdraganna í samráðsgáttinni að nýrri stofnun bæri skylda til að vinna í samræmi við vernd líffræðilegrar fjölbreytni, laga um náttúru- og menningarminjavernd og ekki var minnst á endurheimt náttúrulegra vistkerfa. Í frumvarpinu sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, hefur markmiðssetningum einfaldlega verið sleppt og látið nægja að vísa til laga um landgræðslu og laga um skóga og skógrækt. Að mati VÍN er breytingin til bóta, félagið telur þó að bæta mætti frumvarpið með skýrari ákvæði um markmið með beinni tilvísun í lög um náttúruvernd (nr. 60/2013) og alþjóðasamninga um náttúruvernd sem Íslendingar hafa fullgilt, s.s. samning S.Þ. um líffræðilega fjölbreytni, Bernarsamninginn um vernd villtrar náttúru í Evrópu og AEWA samninginn um vernd farfugla.

Lagt er til að við 2. gr. frumvarpsins þar sem segir „Stofnunin hefur eftirlit...“ bætist í lok setningar eftirfarandi orðalag: „...og alþjóðlegum samningum sem snerta viðfangsefni stofnunarinnar.“

VÍN telur að það sé afar mikilvægt að það sé skýrt í lögnum að stofnun eins og Land og skógur, sem mun hafa gríðarleg áhrif á framkvæmdir og stefnumarkandi áætlanir í landnotkun á stórum hluta landsins, sé gert skylt með afgerandi hætti í lögum að henni beri að hlíta meginmarkmiðum í lögum og alþjóða samningum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni sem Ísland er aðili að og lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013). Nægir hér að nefna gengdarlaust tap heimsins á líffræðilegri fjölbreytni og skefjalausa notkun framandi ágengra tegunda í skógrækt hér á landi, m.a. í tengslum við kolefnisbindingu eða kolefnisjöfnun, án þess að tillit sé tekið til náttúrulegrar líffræðilegrar fjölbreytni hér á landi. Skógrækt með framandi tegundum bætir ekki upp tap á líffræðilegri fjölbreytni Íslands t. d. í sambandi við uppblástur og tap á jarðvegi. Þvert á móti ógnar umfangsmikil ræktun stórvaxinna barrtrjáa verðmætum vistgerðum og búsvæðum mikilvægra tegunda dýra og plantna, líffræðilegri fjölbreytni, og hefur verulega neikvæð áhrif á ásynd lands og vernd menningarminja.

Í ljósi þess vill VÍN benda á að árið 2021 var 63. gr. laga um náttúruvernd um innflutning og dreifingu framandi (ágengra) tegunda á Íslandi því miður breytt til hins verra. Í 1. mgr. greinarinnar segir „*[Óheimilt er að flytja inn og dreifa lifandi framandi lífverum nema með leyfi Umhverfisstofnunar. [Til innflutnings lifandi dýra eða plantna skal jafnframt afla leyfis Matvælastofnunar í samræmi við lög um innflutning dýra, lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim eða lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.]*“ Í 2. mgr. sömu greinar segir hins vegar að ákvæði 1. mgr. gildi m.a. ekki um „*b. Framandi plöntutegundir sem hafa verið notaðar til garðyrkju, túnræktar, jarðræktar, landgræðslu og skógræktar.*“ Hér er því opnað á að nota megi allar tegundir þ.m.t. framandi tegundir sem hefur verið plantað hér á landi hvort sem þær hafa reynst með tímanum ágengar eða ekki. Þetta er órökrétt og fer gegn almennri skynsemi og bendir til skorts á skilningi á eðli lífríkisins og starfsemi vistkerfa jarðarinnar. Sem dæmi um skilningsskortinn má benda á mótsögnina í því að annarsvegar hefur Skógræktin sem betur fer lagst gegn innflutningi á viði með berki vegna hættu á því að sjúkdómar eða skaðvaldar í skógrækt, eins og t.d. ýmis skordýr, berist til landsins. Hins vegar notar sama stofnun framandi ágengar tegundir til skógræktar sem hafa neikvæð áhrif á náttúruleg vistkerfi Íslands, en sér ekkert athugasemdir við það. VÍN mun jafnframt gera athugasemdir við framangreint á öðrum vettvangi, meðal annars þá staðreynd að ráðgjafarnefnd um innflutning og dreifingu framandi ágengra tegunda er ekki að sinna verkefnum sínum eins og lög gera ráð fyrir.

*Um 4. gr.*

VÍN leggur til að inn komi ný einföld grein, eða ákvæði bætt við 4. gr. frumvarpsins, þar sem það kemur skýrt fram hvaða meginstefnu ný stofnun á að vinna eftir hvað varðar framangreint mál. Þar séu tekin af öll tvímæli um að nýja stofnunin Land og skógar skuli vinna í samræmi við lög um náttúruvernd, lög um minjavernd og alþjóða samninga um náttúruvernd sem Ísland er aðili að. Á það skal bent að um leið þarf að framfylgja lögum um náttúruvernd hvað varðar vinnu ráðgjafarnefndar um ágengar tegundir og endurskoða og uppfæra gamla lista yfir framandi tegundir sem teljast ágengar. Tegundir sem bannað er að dreifa eða nota alfarið, eða með ýtrustu varúð, allt eftir aðstæðum og því umhverfi sem plantað er í. Það skal tekið fram að VÍN leggst ekki gegn skógrækt og enn síður endurheimt náttúrulegra vistkerfa og telur jarðvegsvernd eitt af mikilvægari verkefnum nú á tímum og í framtíðinni, ekki síst í ljósi loftslagsbreytinga.

VÍN gerir ekki athugasemd við 3. og 4. gr. frumvarpsins að öðru leyti en því sem kemur fram hér að framan hvað varðar hugsanlegar breytingar á 4. gr. í stað nýrrar greinar.

#### *Um 5. gr.*

VÍN gerir sömu athugasemd við 5. gr. frumvarpsins og félagið gerði við 4. gr. að drögum að því, sjá meðfylgjandi umsögn. Mjög óskýrt er við hverja er átt sem aðila í 5. gr., og hvaða eftirlit er nákvæmlega átt við. Einnig er óskýrt hvað í raun hægt er að krefja aðra um, t.d. aðrar stofnanir. Ekki virðist heldur að hér sé um gagnkvæmni að ræða, þ.e. að aðrir aðilar geti krafðið Land og skóg um upplýsingar um þeirra verkefni og framgang þeirra.

VÍN, sem frjálst almennt félag um náttúruvernd og fulltrúi a.m.k hluta almennings í landinu, gæti vel hugsað sér að geta krafðið Land og skóga um skýrt og gott yfirlit yfir og vísindalegar, vistkerfislegar og skipulagslegar forsendur fyrir öllum skógræktarsvæðum, núverandi og fyrirhuguðum, hvaða tegundir eru notaðar, hvernig og hvar tegundirnar hafi dreifst út frá þeim svæðum sem heimild er fyrir og viðbrögðum og ábyrgð Skógræktarinnar og skógareigenda við óæskilegri dreifingu framandi tegunda.

Lagt er til að við a-lið 5. gr. bætast tvær nýjar setningar: „Öll þau verkefni sem stofnunin kann að fela öðrum skulu unnin í samræmi við hlutverk Lands og skóga og þau lög sem stofnunin starfar eftir. Slík afmörkuð verkefni skulu falla að gildandi skipulagsáætlunum viðkomandi sveitarfélaga.

Í þessu sambandi vill VÍN benda á að vissulega eru í frumvarpinu settar forsendur fyrir gerð áætlana og aðkomu ýmissa aðila að þeim sbr. breytingar á 6. gr. laga um landgræðslu og 4. gr. laga um skóga og Skógræktina. Það hefur hins vegar sýnt sig í gegnum árin að það hefur engan veginn verið hægt að treysta á áætlanir Skógræktarinnar, hvorki gerð þeirra (í raun engar áætlanir gerðar skv. lögum nema fyrir Skógræktina sjálfa) né aðkomu annarra að þeim og enn síður hlustað á gagnrýni. Framkvæmd laga um landshlutabundin skógræktarverkefni eru skýrt dæmi um það hvernig ákvæði um áætlanir voru og eru sniðgengnar. Ný áætlun, Líf og land, hljómar mun betur en fyrri áætlanir en þar á enn eftir að reyna á framkvæmdina og því er þörf á ströngum og ítarlegum lögum um vernd íslenskrar náttúru og eftirliti með skógræktarframkvæmdum og skipulagi þeirra hvað varðar náttúruvernd. Þessi gagnrýni beinist sérstaklega að skógræktarluta Lands og skóga. Nægir hér að nefna nýleg mál í Skorradal og ýmis stórkarlaleg verkefni sem skipulögð hafa verið af einstaklingum, fyrirtækjum, félögum og fleiri aðilum í samráði við Skógræktina með „kolefnisjöfnun“ eða „kolefnisbindingu“ að leiðarljósi, en um leið með áherslu á „nytjavið“ sem felur í sér ákveðna þversögn.


#### *Ný grein*

VÍN leggur til að bætt verði við grein í frumvarpið þar sem fram komi að þeir landeigendur sem geri samning við Land og skóga um skógrækt og fái styrk frá ríkinu sé gert skylt að fjarlægja sjálfsánar plöntur jafnóðum og þær dreifa sér út fyrir samþykkt skógræktarsvæði og eru taldar framandi og ágengar.

Að öðru leyti vísar VÍN í meðfylgjandi fyrri umsögn sína um frumvarpsdrögin sem kynnt voru í samráðsgátt stjórnarráðsins. Fulltrúar frá VÍN er tilbúnir til að mæta á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að skýra mál sitt frekar.

F.h. Vina íslenskrar náttúru (VÍN)

  
Sveinn Runólfsson formaður

  
Jón Gunnar Ottósson varaformaður

**Meðf:** [Umsögn VÍN í samráðsgátt, dags. 31. janúar 2023.](#)